

Býsn og fádæmi í tungumálinu Um magn og gæði heimilda í sögulegri setningafræði

1. Inngangur

Þeir sem rannsaka mannlegt mál standa frammi fyrir þeim vanda að gögnin sem þeir styðjast við eru oft brotakennd, ófullkomin og mótsagnakennd og krefjast því nákvæmrar rýni og flokkunar eftir ströngum fræðilegum aðferðum áður en unnt er að greina þau mál-vísindalega.¹ Þetta á ekki síst við rannsóknir á eldri stigum tungu-mála sem eru aðeins varðveitt í ritheimildum – textum af ýmsu tagi sem kunna að vera misjafnir að gæðum og umfangi. David Lightfoot, víðkunnur brautryðjandi í rannsóknum á setningafræðilegum breytingum, orðaði vandann sem sögulegir málfræðingar eiga við að etja svo: „... the “data” do not lie pr<i>stine pure in a well-organized supermarket awaiting collection by a conscientious scholar“ (Lightfoot, 1988:316). Með öðrum orðum, „gögnunum“ er ekki raðað niður í ósnortnu ástandi eins og matvörum í vel skipulagðri stórverslun sem bíða þess að vera safnað í körfu af samviskusömum fræðimanni. Þvert á móti þarf málfræðingurinn oftast en ekki fyrst að koma skipu-lagi á óreiðuna áður en unnt er að hefjast handa við greiningu á þeim mállegu gögnum sem áhuginn beinist að.

1 Þessi grein er að stofni til útvarpserindi sem var flutt á Rás 1 26. apríl 2011 og byggðist að sínu leyti á greinarkorni sem birtist á ensku þegar ég dvaldist í Ósló 2005 (Þórhallur Eyþórsson, 2005). Ég þakka ritstjórum og ónafngreindum ritrýnum kærlega fyrir gagnlegar athugasemdir við drög að þessari gerð greinarinnar.

Augljóst er að því umfangsmeiri sem ritheimildir frá eldri málstígum eru, því meiri eru líkurnar á því að þær gefi raunsanna mynd af því tungumáli sem birtist í gögnunum – og öfugt: því rýrari og fáskrúðugri sem heimildarnar eru, þeim mun meiri óvissa um túlkun þeirra. Hefðbundin þumalputtaregla textafræðinga kveður á um að eitt dæmi sé ekki nóg til að sýna nokkurn skapaðan hlut um tiltekið málfræðilegt fyrirbæri. Hér verður þó reynt að sýna fram á að þessi regla er ekki algild. Það sem raunverulega skiptir máli þegar meta skal stöðu málfræðiatríða er ekki magn heldur gæði þeirra dæma sem varðveitt eru. Við kjöraðstæður geta örfá dæmi – jafnvel eitt einasta dæmi – verið nægilegur vitnisburður um að gera megi ráð fyrir tilteknu atríði sem fullgildri einingu í málfræði ákveðins málstígs en ekki einberri undantekningu eða jafnvel allsendis ómarktækri málvillu.

Uppbygging greinarinnar er sem hér segir. Fyrst verður fjallað almennt um málheimildir, einkum í sögulegum málvísindum, og um magn og gæði þeirra gagna sem notuð eru til að meta hvort þau málfræðiatríði sem þar koma fyrir eru í samræmi við þekkingu fræðimanna á málfræði tungumáls á tilteknu tímabili. Í þessari grein er aðaláherslan á sögulegri setningafræði og breytingum á setningagerð og flest dæmin eru því tekin þaðan.² Því næst verður hugað að þeim málvísindalegu aðferðum sem notaðar eru til að meta og greina setningar. Í þriðja lagi verður svo vikið að spurningunni um það hve mörg dæmi nægja til að unnt sé að sýna fram á að tiltekið málfræðiatríði sé hluti af málfræði tiltekins tungumáls á tilteknum stað og tíma í sögunni. Í því sambandi verður aðallega tekið dæmi af atríði sem hefur verið mjög til umfjöllunar í íslenskri setningafræði undanfarna áratugi, svokölluðum aukafallsfrumlögum (sjá t.d. Höskuld Þráinsson, 2005:268 o.áfr., 2007:146 o.áfr.). Aukafallsfrumlög eru nafnliðir í aukafalli, þ.e. öðru falli en nefnifalli, sem gegna hlutverki frumlags í setningu; þau eru ýmist í þolfalli (1a), þágufalli (1b) eða eignarfalli (1c).³

2 Greinargott yfirlit um setningafræðilegar breytingar í íslensku er að finna hjá Eiríki Rögnvaldssyni (2005).

3 Í hefðbundinni skólamálfræði er hugtakið frumlagsígildi oft notað um það sem síðar hefur verið kallað aukafallsfrumlag (t.d. Björn Guðfinnsson, 1943:7).

- (1) a. **Stelpuna** langar í nammi.
 b. **Karlinum** leiðist.
 c. Þess gætir ekki.

Ályktað er að við mat á gildi dæma í fornum textum skipti fjöldi þeirra ekki höfuðmáli heldur miklu fremur hitt að ákveðin málfræðileg og textafræðileg skilyrði séu uppfyllt.

2. Magn og gæði málheimilda

Sum atriði eru algeng í máli fólks en önnur eru sjaldgæf. Þetta kemur skýrt fram í þeim orðaforða sem málhafar tiltekens tungumáls hafa tileinkað sér og er geymdur í eins konar andlegu „orðasafni“ í heilabúinu. Sum orð eru notuð oft og eru töm flestum ef ekki öllum málhöfum. Önnur eru fátíð og eru ekki virkur hluti af grundvallarorðaforðanum heldur tilheyra afmörkuðum og sérhæfðum sviðum. Þau eru e.t.v. aðeins notuð í sérstöku samhengi af ákveðnum hópum í málsamfélaginu eða voru algeng áður fyrir en eru ekki lengur notuð og eru því dæmi um fornt og úrelt mál, t.d. *bylmingur* ‘hlaði af flöttum fiski’ (*Íslensk orðabók*, 2007).

Sú staðreynd að sum orð eru algengari en önnur er alþekkt og verður ekki fjölyrt um hana frekar hér. Það er kannski ekki eins vel þekkt að sama á við um málfræðina í þrengri skilningi: hljóðkerfi, beygingu, orðmyndun og setningagerð. Hér verður sjónum einkum beint að síðastnefnda sviðinu – setningagerðinni. Þannig koma sumar setningagerðir gríðarlega oft fyrir í tungumálinu en aðrar sárasjaldan. Setningar á borð við þá sem sýnd er í dæmi (2) virðast fremur óalgengar; vafasamt má telja að venjulegur íslenskur málhafi taki sér slíka setningu oft í munn.

- (2) Það hafa sennilega einhverjir stúdentar ekki lesið þessa bók alveg.

Rétt er að leggja áherslu á að hér er ekki átt við orðin sem mynda setninguna – þau eru svo sem nógu hversdagsleg – heldur formgerð hennar, það hvernig setning af þessari tilteknu gerð er upp byggð.

Þessi setning hefst á gervifrumlaginu *það*, sem er stundum kallað „leppur“ enda eru setningar af þessum toga oft nefndar leppsetningar (Höskuldur Þráinsson, 1999:194; sjá yfirlit hjá Höskuldi Þráinssyni, 2005:336 o.áfr, 2007:309 o.áfr).⁴ Á eftir leppnum kemur hjálparsögn (*hafa*) og því næst raunverulegt frumlag setningarinnar, óákveðinn nafnliður (*einbverjir stúdentar*) sem stendur hér á milli tveggja atviksorða (*sennilega* og *neitunarinnar ekki*). Andlagið (*þessa bók*) er svo á milli aðalsagnarinnar (*lesið*) og enn eins atviksorðs (*alveg*), sem rekur lestina í þessari setningu. Leppsetningar eru út af fyrir sig mjög algengar í íslensku og eðlilegar í talmáli. Oft hefur þó verið amast við þeim, m.a. í eldri málfræðibókum (Jakob Jóh. Smári, 1920:19, Björn Guðfinnsson, 1943:8) og í leiðbeiningum um ritun í íslensku. Þar er bent á að *það* í upphafi málgreinar sé talmálslegt og betra að ofnota *það ekki* í formlegu málsniði. Eins og kunnugt er gengur þó oft illa að fá málhafa til að hlíta forskriftarreglum út í hörgul og það á einnig við hér; í daglegu máli hikar fólk ekki við að byrja setningar á leppnum *það*. Einkenni leppsetninga er að frumlagið sem vísar til leppsins („leppsfélaginn“) verður að vera óákveðið (óákveðið fornafn eins og *einbverjir* eða óákveðinn nafnliður eins og *stúdentar*, *einbverjir stúdentar* eða jafnvel *einbverjir stúdentarnir*). Til sannindamerkis um það er sú staðreynd að setningarnar í (3) eru miklu síðri en dæmið í (2) og vafalaust að flestra dómi allsendis ótækar í íslensku; þær eru því merktar með stjörnu eins og alsíða er að gera við ótæk dæmi í setningafræði:

- (3) a. *Það hafa sennilega **stúdentarnir** ekki lesið þessa bók alveg.
b. *Það hafa sennilega **þeir** ekki lesið þessa bók alveg.

Hins vegar er setningin í (2) rétt mynduð út frá þeim málfræðireglum sem gilda í íslensku nútímamáli enda þótt formgerð hennar sé óvenjuleg að því er snertir afstöðu atviksorðanna til annarra setningarliða. Ef atviksorðunum er sleppt kemur í ljós að setningin er í raun ósköp blátt áfram eins og sjá má í dæmi (4).

⁴ Í eldri málfræðiritum er leppurinn *það* ýmist nefndur aukafrumlag (Jakob Jóh. Smári, 1920:18–19, Björn Guðfinnsson, 1943:8) eða gervifrumlag (Halldór Ármann Sigurðsson, 1994:51, Höskuldur Þráinsson, 1995:63).

(4) Það hafa einhverjir stúdentar lesið þessa bók.

Alveg eins og setningin í (4) er dæmið í (2) að öllum líkindum málfræðilega tækt í máli langflestra íslenskra málhafa. Vafasamt er þó að margir hafi nokkurn tíma komist nákvæmlega svona að orði, nema kannski einstaka málfræðingur sem notar þetta dæmi til að sýna fram á áhugaverða möguleika íslenskrar setningagerðar (sjá t.d. Höskuld Þráinsson, 2005:189). Þess vegna er ekki við því að búast að slíkar setningar komi oft fyrir í gagnasöfnum um nútímaíslensku. Það breytir því samt ekki að dómar málhafa eru tiltölulega skýrir; setningin sem sýnd er í (2) er vel tæk í íslensku nútímamáli, alveg eins og setningin í (4), en dæmin í (3) eru ótæk, alveg eins og setningarnar í (5) sem eru án atviksorða.

- (5) a. *Það hafa stúdentarnir lesið þessa bók.
b. *Það hafa þeir lesið þessa bók.

Munurinn á gæðum setninganna í (1) og (2) er alls ekki háður dreifingu atviksorðanna, sem er eins í öllum tilvikum, heldur stafar hann af því að í íslensku gildir málfræðiregla – eða „hamla“ – sem nefnd er hamla ákveðinna nafnliða (e. *Definitness Effect*) og kveður á um að ákveðnir nafnliðir eins og *stúdentarnir* eða *þeir* geta ekki komið fyrir í setningum sem byrja á leppnum *það* (Höskuldur Þráinsson, 2005:585 o.áfr., 2007:147–148, 309 o.áfr.). Aðeins óákveðnir nafnliðir eins og *einhverjir stúdentar* geta staðið í leppsetningum.

3. Aðferðir til að meta setningar

3.1 Lifandi tungumál

Í rannsóknnum á setningagerð tungumála sem töluð eru í samtímanum – lifandi málum – er oftast hægt að komast að því hvort setningar séu tækar eða ótækar með því að spyrja málhafa, bera undir þá lista með dæmasetningum og biðja þá að meta þær. Dómarnir sem beðið er um eru t.d. af taginu: „já, þetta er eðlileg setning, svona get ég sagt“, „nei, þetta er ótæk setning, svona get ég ekki sagt“ eða

„Óvíst, ég er ekki viss um hvort ég get sagt þetta eða ekki“. Þegar málfræðingur rannsakar setningagerð móðurmáls síns eru hægt heimatökkin þar sem hann getur beitt sjálfskoðun (e. *introspection*), metið setningar sem hann myndar og borið eigið mat saman við dóma annarra einstaklinga sem tala sama tungumál. Unnt er að afla dóma frá málhöfum með því að spyrja þá beint um tiltekin atriði eða að leggja fyrir þá skriflegar kannanir, t.d. í formi dæmasetninga. Enn fremur er hægt að bera dómana saman við aðrar málheimildir, m.a. gagnasöfn um ritmál og talmál, svonefndar málheildir (lat. *corpus*, ft. *corpora*). Sjálfskoðun verður eðlilega ekki beitt nema upp að vissu marki við mat á atriðum í öðrum málum en móðurmálinu þar sem fáir hafa alveg jafngóð tök á öðru máli og sínu eigin. Þeim mun meira er þar komið undir dómum málhafanna og upplýsingum úr annars konar heimildum, t.d. málheildum, sem hægt er að leggja til grundvallar mállýsingunni.

Eins og dæmið í (2) að ofan sýnir kann tiltekin setningagerð að vera tæk og þar með í samræmi við málfræði tiltekens tungumáls þótt hún sé sárasjaldan notuð. Þetta er vandi sem allir sem stunda rannsóknir í setningafræði eiga við að etja. Með nokkurri skólun, hugkvæmni og þrautseigju ætti málfræðingur sem fæst við lifandi mál þó að geta skoríð úr um það hvort fyrirbærið sem hann rannsakar er tækt enda þótt það sé fátítt í málnotkun, eða hvort það er hreinlega ótækt í málinu – þ.e. ekki hluti af málfræði tungumálsins sem verið er að rannsaka. Ljóst er að besta aðferðin til að greina á milli slíkra atriða er að skoða og bera saman dóma málhafa um þau. Í málheildum, hversu ítarlegar sem þær eru, má alltaf gera ráð fyrir því að ýmis fyrirbæri komi ekki fyrir af einskærri tilviljun, t.d. vegna óútskýrðrar gloppu í gagnasafninu, fremur en að þau séu hreinlega ekki til í tungumálinu.

Í lifandi tungumálum er fjöldi setninga ekki endanlegur heldur geta eiginlegir málhafar myndað óendanlegan fjölda setninga, t.d. með því að bæta sífellt nýjum aukasetningum við aðrar setningar, sem eru þá „móðursetningar“ undirskipuðu setninganna. Þetta er sýnt með tilvísunarsetningum í dæminu í (6).

- (6) Þetta er kona sem á heima í borg sem er í landi sem er í heimsálfu sem ... o.s.frv.

Slíkar setningar eru vitaskuld ekki ævinlega ýkja áhugaverðar en það er ekki aðalatriðið, heldur hitt að málhafar geta endalaust bætt við þær (ef þeir þyrftu ekki að nærast og sofa og ef þeir lifðu að eilífu). Þar sem alltaf er unnt að mynda nýjar og nýjar setningar er fjöldi setninga í lifandi málum óendanlegur (sjá t.d. Chomsky, 1973). Þessi óendanlegi fjöldi setninga lýtur vissulega ákveðnum reglum sem gilda innan hvers tungumáls en væntanlega líka almennum lög-málum sem kveða á um það sem er mögulegt í mannlegu máli. Að því gefnu að fjöldi setninga í hverju tungumáli sé óendanlegur er greiðasta leiðin að upplýsingum um mögulegar setningagerðir í tilteknu tungumáli sú að biðja málhafa ekki bara um dóma um það sem þeir geta sagt heldur ekki síður um það sem þeir geta ekki sagt – það er neikvæðar upplýsingar. Ef málhafi samþykkir t.d. setninguna *Í gær las þessi maður bók* sýnir það að sögn í persónuhætti getur staðið í öðru sæti í setningu, í þessu tilviki á milli atviksliðar í fyrsta sæti (*í gær*) og frumlagsins (nafnliðarins *þessi maður*). Þessi setning, skoðuð án samhengis, segir hins vegar ekkert um það hvort þessi tiltekna orðaröð er skyldubundin eða valkvæð. Það er ekki fyrr en málhafinn hafnar dæmi eins og **Í gær þessi maður las bók* að það kemur í ljós að í íslensku er regla sem kveður á um að sögn í persónuhætti megi að jafnaði ekki vera aftar en í öðru sæti í setningu.⁵ Undantekningar frá þeirri reglu eru ekki leyfðar í hefðbundnu málsniði (ótæka setningin er því auðkennd hér með stjörnu). Að vísu eru frávik frá hefðbundinni setningagerð til í kveðskap, en bundið mál lýtur að hluta til öðrum málfræðireglum en óbundið mál, sem er til umræðu hér.

3.2 Dauð tungumál

Tungumál sem aðeins eru varðveitt í textum – dauð tungumál – eru ólík lifandi málum að því leyti að þar er fjöldi setninga endanlegur. Þær setningar sem koma fyrir í þeim eru segðir (e. *utterances*),

5 Reglan um að sögn í persónuhætti geti ekki staðið aftar en í öðru sæti er á ensku nefnd *Verb Second* (skammstafað V2) og er einkenni allra germanskra nútímamála nema ensku (sjá t.d. Þórhall Eyþórsson 1999). Í íslensku (og að hluta til í færeysku) gildir þessi regla raunar bæði í aðal- og aukasetningum en í öðrum skyldum málum nánast einvörðungu í aðalsetningum. Sögnin getur líka staðið fremst í tilteknum setningagerðum, t.d. í spurningum, skipunum og frásögnum (á ensku *Verb First*, V1). Setningar þar sem sögnin stendur í þriðja sæti (á ensku *Verb Third*, V3) koma einnig fyrir, einkum í talmáli, en lúta ákveðnum hömlum sem ekki verður nánar fjallað um hér (sjá um þær einkum doktorsritgerð Ásgríms Angantýssonar 2011).

setningar eða setningabrot sem einhver hefur sagt eða ritað við tiltekna aðstæður á tilteknum tíma.⁶ Segðir í textum eru að sjálfsögðu af ýmsu tagi. Þar á meðal eru segðir sem eru málfræðilega réttar, þ.e. í samræmi við þær málfræðireglur sem giltu á ritunartíma textans. Þá má gera ráð fyrir því að stundum komi fyrir málfarsatriði sem voru úrelt eða fyrnd á ritunartímanum en voru af einhverjum ástæðum notuð í textanum, t.d. sem meðvituð málfyrning til að ná fram blæbrigðum sem höfundurinn taldi hæfa tiltekinni textategund. Ljóst er að ólíkar textategundir setja mark sitt á segðirnar og þar kann að skipta máli hvort um er að ræða t.d. innlenda frásagnar-texta, lög, guðsorð, þýðingar eða kveðskap. Í textum af síðastnefnda taginu er þess að vænta að atriði eins og stuðlun eða bragarháttur hafi áhrif á orðaröð og aðra þætti í formgerð setninganna. Slíkt er vitaskuld nauðsynlegt að hafa hugfast í rannsóknum á kveðskapar-textum, t.d. eddukvæðum, Hómerskviðum, leikritum Shakespeares eða fornindverskum sálumum í Rigveda. Stundum er raunar ekki fullkomlega ljóst hvað textarnir séu í bundnu máli enda þótt ýmislegt bendi til þess, t.d. notkun stuðla. Slíkt er þó ekki einhlítur mælikvarði því að stuðlasetning þekkist líka í ákveðnum tegundum óbundins máls, t.d. í forníslensku lagamáli eins og í þessum textabút úr Grágás (Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, 1994:232):

- (7) Þið skuluð deila kníf og kjötstykki og alla hluti ykkar í milli sem frændur en eigi sem fjendur.

Í stuttu máli sagt, þeir sem rannsaka texta frá eldri málstigum þurfa að huga að ótal atriðum sem kunna að hafa áhrif á eðli þeirra segða sem þar koma fyrir.

3.3 Flokkun dauðra tungumála

Vandinn sem felst í tilviljanakenndum eyðum í heimildum er knýjandi í rannsóknum á öllum tungumálum en ekki síst í sögulegum málvísindum. Í þessu sambengi vakna aðferðafræðilegar spurningar um það hversu mikil gögn þurfi til að unnt sé að draga

6 Þetta á raunar líka við um gagnasöfn um lifandi mál en munurinn er vitaskuld sá að lifandi málfarar eru til frásagnar um hvernig málið er notað.

af þeim marktækar ályktanir um málfræði „dauðra“ tungumála, tungumála sem aðeins eru til heimildir um í textum frá eldri tímum. Gagnlegt getur verið að skipta slíkum málum í þrjá flokka, eins og stundum er gert í þýskri málfræðihefð (Untermann, 1975, 1989; sbr. Þórhall Eyþórsson, 2005):

- *Grosskorpussprachen*, tungumál sem miklar heimildir eru til um.
- *Kleinkorpussprachen*, tungumál sem aðeins eru varðveitt í takmörkuðu safni heimilda.
- *Rest- und Trümmersprachen*, tungumálaleifar og tungumálarústir.

Latína er augljós *Grosskorpussprache*, tungumál sem ekki er lengur móðurmál neins en er skjalfest í gríðarmiklum heimildum sem spanna árþúsund: fornöld, miðaldir, endurreisnartíma og raunar allt til okkar daga. Latína var upphaflega móðurmál íbúa Rómaborgar og eru elstu áletranir taldar vera frá síðari hluta 7. aldar f.Kr.; í kjölfar útpenslu Rómaveldis varð latína síðan yfirþjóðlegt heims- og lærdómsmál. Miklar ritheimildir eru líka varðveittar um sanskrít (fornindversku), forngrísku og fornensku, svo að dæmi séu nefnd, og utan indóevrópsku málaættarinnar um fornegypsku, klassíska arabísku og fornkínversku. Til slíkra mála telst einnig forníslenska, sem ríkulagar ritheimildir eru til um frá 12. öld til miðrar 16. aldar (þegar nútímaíslenska tekur við).

Dæmi um *Kleinkorpussprache*, tungumál sem er skráð í takmörkuðu safni heimilda, er gotneska; sá texti sem varðveist hefur er að mestu leyti þýðing á Nýja testamentinu, frá því um 380 e.Kr. Svipað á við um fornirkjuslavnesku og fornírönsku málin avestísku og fornpersnesku. Fornirkjuslavneska er elsta stig slavneskra mála, aðallega guðsorðabýðingar líkt og í gotnesku. Helstu textar á avestísku eru sálmar þar sem spámaðurinn Zarabústra er ákallaður en á fornpersnesku voru m.a. ristar áletranir með yfirlýsingum stórkonunga Persaveldis.

Frumnorræna, elsta stig germanskra mála, er svo loks fulltrúi *Trümmersprachen*, tungumálarústa (Penzl, 1989). Heimildirnar eru af svo skornum skammti að þær minna á rústir af tungumáli, nokkur

hundrað rúnaristur frá tímabilinu 150 til 600 e.Kr. Aðrar slíkar tungumálarústir er t.d. að finna á keltneskum áletrunum víðsvegar á meginlandi Evrópu; þar á meðal eru gallíska, sem var töluð í Mið-Evrópu og víðar, og keltíberíska, áður einkum töluð á Íberíuskaga, í Portúgal og vestan- og norðantil á Spáni og raunar líka í Litlu-Asíu (galatíska, sem var töluð þar sem nú er Tyrkland). Þótt skilgreining á *Restsprachen*, tungumálaleifum, og *Triümmersprachen*, tungumálarrústum, skarist er þó munur á að dómi Untermanns (1989:18–19). *Restsprachen* eru leifar af tungumálum sem eru (eða voru) aðeins notuð að takmörkuðu leyti við sérstakar aðstæður þótt þau hafi áður verið útbreiddari. Dæmi um tungumálaleifar væri latína í Páfagarði þar sem hún er enn opinber tunga, þótt ítalska sé helsta samskiptamálið. Annað dæmi væri bretónska, sem var eitt sinn algeng á Bretaníuskaga í norðvesturhluta Frakklands en er nú aðeins töluð þar til sveita og hvergi sem aðalmál; nú á dögum er franska allsráðandi á öllum sviðum þjóðlífsins (Untermann, 1989:18).⁷

Niðurstaðan af framansögðu blasir við: Því ríkulegri sem heimildirnar um eldri („dauð“) tungumál eru (sbr. *Grosskorpus-sprachen*), þeim mun ólíklegri er að gloppa sé í vitneskju okkar. Því fáskrúðugri heimildir (sbr. *Rest- und Triümmersprachen*), þeim mun ófullkomnari er vitneskja okkar um eldri málstig.

3.4 Orðaröð í frumnorrænum rúnaristum

Frumnorræna er aðeins varðveitt í tiltölulega fáum rúnaristum og er því gott dæmi um tungumálarústir. Auk þess eru textarnir afar knappir og torráðnir. Þetta mál er brotakenndar leifar af tungumáli sem var talað á Norðurlöndum á öldunum eftir Krists burð og má telja forstígg norrænna mála (íslensku, færeysku, norsku, sænsku og dönsku). Þar sem rúnaristurnar eru, auk gotnesku, helstu ritheimildir um germönsk mál á elstu tíð er mikilvægi þeirra fyrir sögu þessara mála þó ótvírætt. Í elstu rúnaristunum eru næstum einvörðungu aðalsetningar; aðeins tvö dæmi eru um aukasetningar (Þórhallur Eyþórsson, 2012:40–41). Í þessum textum kemur fram munur á

7 Sumar tungumálaleifar geta flokkast undir það sem nefnt er erfðarmál (e. *heritage language*) og eru aðeins notuð við sérstakar aðstæður, t.d. fyrst og fremst heima fyrir en ekki á opinberum vettvangi. Vestur-íslenska fellur að þess konar skilgreiningu (sjá t.d. Birnu Arnbjörnsdóttur 2015) og bretónska virðist gera það líka.

stöðu sagnar í persónuhætti þannig að í sumum þeirra stendur sögn í miðri setningu, ýmist á milli frumlags og fylliliðar (andlags eða sagnfyllingar) eða á eftir fyllilið í fyrsta sæti og á undan frumlagi. Þetta er sýnt í dæmunum í (8) og (9).⁸

- (8) ek hrazaz **satido** <s>tain<a> ana ...
 ég Hrazaz setti stein á ...
 ‘Ég, Hrær, setti stein á ...’

(Rö, steinn; Krause og Jankuhn, 1966, nr. 73)

- (9) hariuha **hait-ika** farawisa
 Herjóí heiti ég fárvísi
 ‘Herjóí heiti ég, hinn fárvísi.’

(Sjáländ, kinga 2; Krause og Jankuhn, 1966, nr. 127)

Í málinu á elstu rúnaáletrunum er persónubeygða sögnin þannig í öðru sæti í aðalsetningum eins og í flestum germönskum nútíma-málum, t.d. í íslensku.

- (10) a. Ég, Gunnar, **setti** disk á borðið.
 b. Hallgerður **heiti** ég.

Í fáeinum rúnaáletrunum er persónubeygða sögnin hins vegar aftast og fylgir á eftir fylliliðnum. Þannig er það t.d. á ristunni á gullhorninu fræga frá Gallehus, sem sýnd er í (11).

- (11) ek hlewagastiz holtijaz horna **tawido**
 ég Hlégestur Hyltir horn gerði
 ‘Ég, Hlégestur frá Holti, gerði hornið.’

(Gallehus, gullhorn; Krause og Jankuhn, 1966, nr. 42)

Hér stendur *borna tawido* ‘horn gerði’ en ekki **tawido borna* ‘gerði horn’ eins og eðlilegt væri í íslensku og öðrum germönskum nútíma-

8 Í túlkunum á rúnaristum í þessari grein er miðað við umfjöllun Þórhalls Eyþórssonar (2012). Túlkanir þar eru oftast en ekki alltaf samhljóða túlkunum í handbók Krauses (Krause og Jankuhn, 1966).

málum. Að þessu leyti minnir aðalsetningin á Gallehus-gullhorninu á aukasetningar í þýsku, en þar stendur sögn í persónuhætti jafnan aftast.

- (12) Hans sagt, dass Maria das Buch gelesen hat.
 Hans segir að María bókina lesið hefur
 ‘Hans segir að María hafi lesið bókina.’

Í þessu samhengi vaknar sú spurning hvort bæði orðaraðarmynstrin – sögn í öðru sæti og sögn í aftasta sæti – hafi verið jafngild í frum-norrænu eða hvort annað þeirra hafi verið venjuleg, hlutlaus orðaröð en hitt háð sérstökum skilyrðum. Þeim sem eru ekki áhugasamir um sögulega setningafræði kann að virðast slík spurning giska tilgangs-lítill en í raun og veru er hún alls ekki út í hött vegna þess að svar við henni gæti varpað ljósi á þróun orðaraðar í germönskum málum á elstu tíð (Þórhallur Eypórsson, 2012:47).

Þá er rétt að rýna ögn betur í textana. Á áletruninni frá Gallehus er að finna stuðlun eins og í hefðbundnum íslenskum kveðskap (*blewagastiz – boltijaz – borna*) og það er ekki óvarlegt að ætla að stuðlunin hafi haft áhrif á orðaröðina, eins og þekkt er úr kveðskap á öllum tímum þótt það verði ekki sannað. Það er ekki einu sinni fyllilega ljóst að setningin á Gallehus-ristunni sé í bundnu máli því að eins og áður er getið eru dæmi um stuðlun í lausamálstextum, t.d. Grágás. Sama á raunar við um rúnaristuna á kingunni frá Sjalandi (9); þar er líka stuðlun (*bariuba – bait-ika*) sem kann að hafa áhrif á orðaröðina, en það er jafnvel enn óljósara hvort sú setning er í bundnu máli en textinn á áletruninni frá Gallehus. Loks er ekki að sjá að nein stuðlun sé í textanum í (8), á rúnaristunni á steininum frá Rö.⁹ Allt er þetta sem sagt frekar óljóst!¹⁰

Út frá þeim gögnum sem úr er að móða verða málfræðingar að sætta sig við þá hlutlausu lýsingu að í málinu á rúnaristunum hafi sögnin ýmist getað staðið í öðru sæti eða aftast í setningu – og þar

9 Í ristunni frá Rö hefst orðið *satido* á *s* og *staina* á *st*, en *s* og *st* stuðla venjulega ekki samkvæmt hefðbundnum reglum um stuðlasetningu í germönskum fornálum sem gilda enn í íslenskum kveðskap.

10 Ritrýnir nefnir að stuðlun kunni að setja orðaröð skorður jafnvel þótt texti teljist óbundinn. Í dæminu úr lagamáli sem tilfært er í (7) að framan er þannig líklegt að afstaða orða sem stuðla hvers til annars sé háð tilteknum hömlum.

með að staða sagnar í persónuhætti hafi verið frjálsari í germönsku á elstu tíð en í nútímamálum. Þótt sennilegt megi telja að önnur hvor orðaröðin hafi verið sjálfgefin en hin bundin ákveðnum skilyrðum munum við aldrei vita það með fullkominni vissu. Þetta er algeng staða í rannsóknum á fornum textum, vitaskuld ekki síst þeim sem litlar heimildir eru um, svokölluðum tungumálaleifum og málárústum.

4. Hve mörg dæmi nægja?

4.1 Eitt gott dæmi er nóg

Af framansögðu blasir við að aðalmunurinn á rannsóknum á málfræði lifandi tungumála og dauðra er sá að í síðara tilvikinu hefur málfræðingurinn ekki aðgang að dómum málhafa sem byggðir eru á máltilfinningu þeirra. Það eina sem hann hefur í höndunum eru segðir sem einhver málhafi hefur einhvern tíma skrifað niður, við aðstæður sem voru eins misjafnar og textarnir eru margir. Sögulegur málfræðingur hefur ekki aðgang að neikvæðum vísbendingum, eins og áður var getið um; hann getur eðlilega ekki spurt málhafa um það sem þeir geta ekki sagt.¹¹

Til að sigrast á þeim erfiðleikum sem við er að etja þarf málfræðingur sem rannsakar eldri málstig helst að búa yfir alhliða þekkingu á því tungumáli sem hann beinir sjónum að, málfræði þess og sögu, og hafa hlotið trausta og vandaða skólun í textafræði og öðrum greinum sem koma að gagni við málvísindalega greiningu textans. En jafnvel við slíkar kjöraðstæður er hætt við að þekkingin verði ávallt ófullkomin.

Það segir sig sjálft að því umfangsmeiri sem ritheimildirnar eru því minni eru líkurnar á að skortur á dæmum um tiltekin málfræðiatríði sé tilviljun og þeim mun meiri eru líkurnar á því að gögnin gefi raunsanna mynd af því tungumáli sem birtist í gögnunum. Hefðbundin þumalputtaregla textafræðinga er sú að eitt dæmi sé ekki nóg til að sýna nokkurn skapaðan hlut um tiltekið

11 Eins og ritstjóri minnir mig á sýna fornir textar stundum ekki bara dæmi um notkun tiltekins tungumáls heldur geta þeir beinlínis fjallað um málið sjálft. Þannig segja rómverskir málfræðingar eins og Varró og Quintilianus beinlínis í óspurðum fréttum að eitthvað sé (að þeirra mati) ótækt í latínu. Slíkur vitnisburður er líklega það næsta sem nútímamaður kemst dómum málhafa sem ekki eru lengur á meðal okkar um það sem þeir geta ekki sagt – eða telja a.m.k. óæskilegt mál.

málfræðilegt fyrirbæri – eða eins og það heitir á latínu: *unus testis – nullus testis* ‘eitt dæmi er ekkert dæmi’. Á móti þessu er því haldið fram hér að það sem skipti máli þegar meta skal stöðu tiltekinnna málfræðiatríða sé ekki magn heldur gæði þeirra dæma sem varðveitt eru – að minnsta kosti í ákveðnum tilvikum (Þórhallur Eyþórsson, 2005:54). Jafnvel í tungumáli sem ríkulegar heimildir eru til um, eins og latínu eða forníslensku, er hætt við að í málfræðigreiningu sem byggist aðeins á algengustu orðmyndum og setningagerðum yfirsjáist mönnum sjaldgæf en mikilvæg mynstur. Slík mynstur kunna að hafa verið fullkomlega eðlileg fyrir þeim sem töluðu málið, þ.e. málhöfum latínu eða forníslensku, þótt af einhverjum ástæðum séu þessi atriði sjaldgæf í varðveittum textum.

Þannig eiga öll málfræðiatríði sem koma fyrir í tungumálinu, hvort sem þau eru algeng eða sjaldgæf í málnotkun, sinn stað í þeirri málfræði sem hver einstakur málhafi býr yfir, þ.e. í málkunnáttu einstaklingsins. Raunar ættu það að vera augljós sannindi að aðeins eitt dæmi – jafnvel svokallað stakdæmi (gr. *hapax legomenon*) – getur nægt til að sýna að það sé hluti af málfræði tiltekinn tungumáls, að því tilskildu að það sé textafræðilega og málfræðilega ótvírætt. Hitt er annað mál að mjög sjaldgæf atriði eru e.t.v. ekki eins miðlæg og fyrirbæri sem koma oft fyrir í tilteknu tungumáli. Þótt erfitt sé að fullyrða nokkuð ákveðið um þetta má ætla að algeng málfræðiatríði séu frekar miðlæg en sjaldgæfari atriði jadarlæg. Á meðal hinna síðar-nefndu væru væntanlega atriði sem börn á máltökuskeiði ná tiltölulega seint valdi á, eins og sum hljóðasambönd og beygingarmynstur (sbr. Chomsky, 1981:3–4).

4.2 Aukafallsfrumlög

Til að gera hugleiðingarnar í undanfarandi kafla ögn áþreifanlegri verður hér tekið dæmi af tilteknu málfræðifyrirbæri í forníslensku. Fyrst þarf samt að minnast örstutt á nútímaíslensku – og raunar líka á mál frænda okkar Færeyinga.

Í nútímaíslensku er frumlag setningar ekki endilega í nefnifalli. Eins og minnst var á í upphafi getur það allt eins staðið í einhverju af aukaföllum: þolfalli, þágufalli eða eignarfalli (t.d. *stelpuna langar, karlinum leiðist* eða *þess gætir*). Þannig eru fall (einkum og sér í lagi

nefnifall) og persónu- og tölusamræmi sagnar og frumlags ekki frumlagseinkenni í íslensku ólíkt því sem talið er eiga við um mörg önnur tungumál (Zaenen, Maling og Höskuldur Þráinsson, 1985:100 o.áfr., Höskuldur Þráinsson, 2005:282, Höskuldur Þráinsson, 2007:166–167). Hugum að setningunni í (13).

(13) **Íslendingurinn** étur þennan hákarl.

Í þessari setningu er frumlagið (*Íslendingurinn*) í nefnifalli og sögnin (*étur*) samræmist því í persónu og tölu. Skoðum því næst setninguna í (14).

(14) **Íslendingnum** líkar þessi hákarl.

Hér er frumlagið (*Íslendingnum*) í þágufalli en sögnin er í þriðju persónu eintölu og samræmist raunar andlaginu (*hákarl*) sem stendur í nefnifalli.

Í hefðbundinni skólamálfraeði er frumlag venjulega skilgreint sem fallorð í nefnifalli.¹² Fræðileg málvísindi síðustu áratuga hafa kollvarpað þessari viðteknu hugmynd og í þeim rannsóknum hefur íslenska gegnt lykिलhlutverki. Í sem stystu máli má segja að aukafallsnafnliðir eins og *mér í mér líkar* hegði sér setningafræðilega eins og frumlög í nútímaíslensku. Sá sem fyrstur sýndi fram á frumlagseðli slíkra aukafallsnafnliða var bandarískur málfræðingur að nafni Avery Andrews, sem dvaldi hér á landi snemma á níunda áratug síðustu aldar en hefur lengst af starfað í Ástralíu (Andrews, 1976). Sömu sögu er að segja um færeysku, eins og Bretinn Michael Barnes sýndi fram á (Barnes, 1986). Þannig tekur sögnin *dáma* 'líka' t.d. með sér frumlag í þágufalli í máli margra Færeyinga (15a) þótt nefnifallið sæki raunar á með sögnum af þessu tagi, eins og kemur fram í (15b).

(15) a. **Mér** dámar hesa bókina.
mér líkar þessa bók

12 Í þessum anda er skilgreining Björns Guðfinnssonar (1943:7): „Frumlag er fallorð, fallsetning eða bein ræða í nefnifalli, er táknar þann (þá, það), sem aðhefst, er eða verður það, sem umsögnin segir.“

- ‘Mér líkar þessi bók.’
 b. Eg dámi hesa bókina.
 ég líka þessa bók
 ‘Mér líkar þessi bók.’

Því má skjóta inn að andlagið með *dáma* er í þolfalli í færeysku (*besa bókina* ‘þessa bók’), hvort sem frumlagið er í þágufalli eða nefnifalli. Þetta er ólíkt íslensku þar sem andlagið er venjulega í nefnifalli með sögnum eins og *líka* sem taka frumlag í þágufalli.¹³ Hins vegar er andlagið í þolfalli (eða öðru aukafalli) með sögnum sem taka nefnifallsfrumlag.¹⁴

Til þess að sýna fram á það hvort tilteknir nafnliðir séu frumlög eða ekki er stuðst við svokölluð frumlagspróf. Fjölmörg slík próf hafa verið nefnd til sögunnar og meðal þeirra helstu eru fyrirbæri sem bera heiti eins og langdræg afturbeyging og völdunarnafnhættir, sem ég mun greina nánar frá hér á eftir. En áður en ég geri það má spyrja: Hvernig þróuðust aukafallsfrumlög í norrænum málum? Svo að spurningin sé orðuð aðeins öðruvísi: Eru aukafallsfrumlög í nútímaíslensku og færeysku nýjung sem greinir þessi tvö mál frá öðrum norrænum málum (norsku, sænsku og dönsku)? Eða eru aukafallsfrumlög fornt atriði – „arkaismi“ eins og það heitir á útlensku – sem hefur varðveist í þessum eyjamálum en glatast í frændmálunum á meginlandinu, samtímis því sem fallakerfi þessara mála einfaldaðist og hrundi? Dæmin í (16) eru úr norsku og sýna tvennt: annars vegar tekur sögnin *líka* ‘líka’ frumlag í nefnifalli (*jeg* ‘ég’) en ekki lengur þágufallsfrumlag eins og fornnorræna; hins vegar kemur munur á nefnifalli og aukafalli (þolfalli) aðeins fram í fornöfnum (16a) en ekki í nafnorðum (16b):

- (16) a. Jeg liker deg.
 ég líka þig
 ‘Mér líkar við þig.’
 b. Mannen liker kvinnen.

13 Raunar örlar á breytingu í íslensku þar sem sagnir með þágufallsfrumlagi sem upprunalega tóku andlag í nefnifalli hafa farið að taka þolfall (Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson 2012).

14 Um samanburð á fallakerfi íslensku og færeysku sjá nánar Höskuld Þráinsson o.fl. (2012), Þórhall Eyþórsson (2015, 2017) og Þórhall Eyþórsson og Höskuld Þráinsson (2017).

maðurinn líkar konuna
'Manninum líkar við konuna.'

Þótt málfræðingar séu flestir á einu máli um að nútímaíslenska hafi aukafallsfrumlög er setningafræðileg staða aukafallsnafnliða í forníslensku umdeild. Ýmsir fræðimenn hafa haldið því fram að aukafallsliðirnir hafi verið frumlög að fornu, rétt eins og í nútímaíslensku. Þessa stefnu má kalla „íslenska skólann“; fulltrúar hans eru m.a. íslenskir málfræðingar eins og Eiríkur Rögnvaldsson (1991, 1996, 2005:612–613), Jóhanna Barðdal og Þórhallur Eyþórsson (2003) og Jóhannes Gísli Jónsson (2018). Aðrir halda því fram að í forn máli séu þessir aukafallsnafnliðir ekki frumlög heldur andlög. Þetta mætti kalla „norska skólann“ þar sem í framvarðarsveit hans eru einkum norskir fræðimenn, t.d. Jan-Terje Faarlund (1980, 1990, 2001, 2004), Kristian Emil Kristoffersen (1991, 1994), Endre Mørck (1992) og John Ole Askedal (2001). Norski skólinn segir að orðið hafi breyting í sögu íslensku og færeysku þar sem liðir sem voru upprunalega andlög voru endurtúlkaðir sem frumlög. Hins vegar telur íslenski skólinn að ekki hafi orðið nein breyting í sögu íslensku (og færeysku) að því er varðar aukafallsfrumlög.¹⁵

Vandinn er að það er erfitt að finna réttu setningagerðirnar sem nauðsynlegar eru til að prófa málfræðihlutverk meintra aukafallsfrumlaga í „dauðu“ tungumáli og í sumum tilvikum koma þær raunar alls ekki fyrir í þeim textum sem varðveist hafa. Nauðsynlegt er að fá úr því skorðið hvort þessi skortur á dæmum af réttum toga sé tilviljanakenndur eða kerfisbundinn. Eins og áður er getið eiga málfræðingar (þ.m.t. setningafræðingar) sem fást við lifandi mál alla jafna ekki við þennan vanda að etja (a.m.k. ekki á sambærilegan hátt). Verkefni þeirra er því auðveldara vegna þess að þeir geta orðið sér úti um þau dæmi sem máli skipta, ýmist með því að styðjast við eigin máltilfinningu þegar þeir fjalla um móðurmál sitt eða með því að biðja heimildarmenn að dæma hvort tiltekin setning sé tæk eða ótæk. Sérstaklega mikilvægt er að biðja málhafa um neikvæða dóma – um það sem þeir geta ekki sagt. Þeir sem fást við sögulega setn-

15 Sögufróðir lesendur taka eftir að nafngiftirnar „íslenski skólinn“ og „norski skólinn“ eru hér notaðar á meðvitaðan hátt sem hliðstæður við samsvarandi heiti á stefnumum sem eitt sinn voru fyrirferðarmiklar í norrænum fornþókmennnum.

ingafraedi verða hins vegar að reiða sig á kunnáttu sína (eða ef henni er ekki til að dreifa, á kunnáttu annarra) í þeim tungumálum sem þeir fást við – og því traustari sem þessi kunnátta er, þeim mun betra. En enginn lærdómur, hversu mikill sem hann er, kemur samt í staðinn fyrir dóma lifandi málhafa um það hvað er hægt að segja og ekki síður hvað ekki er hægt að segja.

4.3 Frumlagspróf

4.3.1 Langdræg afturbeyging

Eitt af þeim frumlagsprófum sem hafa verið talin gilda í nútímaíslensku er langdræg afturbeyging (e. *long-distance reflexivization*) (Höskuldur Þráinsson 2005:276, Höskuldur Þráinsson 2007:164). Hér er um það að ræða að afturbeygt fornafn í aukasetningu vísar til undanfara í aðalsetningunni (móðursetningunni). Undanfarinn stenst öll frumlagspróf, óháð því falli sem hann stendur í, og er því alltaf frumlag en ekki andlag. Venjuleg túlkun á dæminu í (17) er að afturbeygða fornafnið *sig* vísi til nefnifallsfrumlagsins Gunnars í aðalsetningunni en ekki til Hallgerðar sem er nefnifallsfrumlag í aukasetningunni.

(17) **Gunnar** hélt að Hallgerður elskaði **sig**.

Það sama á við um aukafallsfrumlög í nútímamáli; afturbeygt fornafn í aukasetningu vísar til þágufallsliðarins í aðalsetningunni.

(18) **Gunnari** fannst að Hallgerður elskaði **sig**.

Enginn vafi er á því að í forníslensku, rétt eins og í nútímaíslensku, geta nefnifallsliðir í móðursetningu verið undanfarar afturbeygðra fornafna í aukasetningu þótt það hafi e.t.v. ekki verið ýkja algengt (Eiríkur Rögnvaldsson, 2005:612). Hins vegar hefur sá fræðimaður sem gerst hefur rannsakað þetta atriði (Eiríkur Rögnvaldsson, 1996:64) aðeins fundið þrjú dæmi í forn máli um meint aukafallsfrumlög sem væru undanfarar langdrægs afturbeygðs fornafns (frekari leit hefur ekki skilað árangri, sbr. Jóhönnu Barðdal og Þórhall

Eyþórsson, 2003:448). Eitt þessara þriggja forníslensku dæma er í Ljósvetninga sögu (sbr. Eirík Rögnvaldsson, 1996:64):

- (19) ... og þótti **honum** [sem fóstura **sínum** myndi mein að verða].
(*Íslendingasögur*, 1985–86; Ljósvetninga saga, bls. 1681)

Hér er þágufallsliðurinn í aðalsetningunni (*honum*) undanfari nafnliðar með afturbeygðu eignarfornafni (*fóstura sínum*) í aukasetningunni.

Mikilvægt er að halda því til haga að engin dæmi eru í forníslensku um að liður sem er ótvírætt andlag sé undanfari í langdrægri afturbeygingu. Með öðrum orðum, það eru engin dæmi um setningar eins og *Gunnar sagði Njáli að sér myndi mein að verða* þar sem afturbeygt fornafn vísaði til óbeina andlagsins Njáls en ekki Gunnars, sem er frumlag móðursetningarinnar. Ef slíkt dæmi myndist – þar sem ótvírætt andlag væri undanfari í langdrægri afturbeygingu – þá væri langdræg afturbeyging ekki lengur gilt frumlagspróf í forníslensku. Líkurnar á því að þetta gerist eru ekki miklar því að heimildir um forníslensku eru svo ríkulegar. En ef við ímyndum okkur að áður óþekkt Íslendingasaga uppgötvaðist í einhverju skúmaskoti og þar leyndist slíkt dæmi þá yrði að endurmeta gildi langdrægrar afturbeygingar sem frumlagsprófs í forníslensku og varpa því fyrir róða. Ástæðan er sú að það er í grundvallaratriðum ekki útilokað að afturbeygt fornafn vísi aftur til liðar í móðursetningu sem ekki er frumlag. Þangað til slíkt gagndæmi finnst er setningin í (19) í samræmi við tilgátuna um að langdræg afturbeyging sé vitnisburður um aukafallsfrumlög í forníslensku. Þessi niðurstaða hefur gildi í víðara samhengi því að hún sýnir að tilgátan er hrekjanleg en það er einmitt aðal vísindalegra tilgátna. Ef í ljós kæmi að afturbeygða fornafnið gæti vísað til liðar sem er ekki frumlag þá væri tilgátan fallin.

4.3.2 *Völdunarnafnhættir*

Veigameiri rök fyrir tilvist aukafallsfrumlaga í forníslensku lúta að nafnháttarsetningum þar sem unnt er að sleppa frumlagi sem er samvísandi við frumlagið í aðalsetningunni. Þetta fyrirbæri er kallað völdunarnafnháttur (e. *control infinitive*) og er sýnt í dæmunum í (20)

(Höskuldur Þráinsson 2005:283–284, Höskuldur Þráinsson 2007:164–165, 419).¹⁶ Eyðan fyrir nafnliðina sem eru undanskildir í nafnháttarsetningunum er táknuð með undirstriki (___).

- (20) a. Sigga vonast til að ___ komast heim fyrir klukkan þrjú.
b. Sigga vonast til að ___ leiðast ekki í vinnunni.

Ósögðu nafnliðirnir í (20) samsvara frumlögum í setningum með sögn í persónuhætti (*Sigga kemst ...*, *Siggu leiðist ...*); *komast* tekur með sér nefnifall en *leiðast* stýrir þágufalli. Ástæðan fyrir því að völdunarnafnhættir eru svo mikilvægt frumlagspróf er ekki bara að „unnt“ er að sleppa frumlögum í slíkum nafnháttarsetningum – þau geta ekki staðið þar. Á hinn bóginn gildir engin slík regla um andlög og þar með hljóta ósögðu liðirnir í (20) að vera frumlög. Dæmin í (21) með sögninni *lofa* sýna þetta enn betur, en sú sögn getur tekið með sér völdunarnafnhátt. Í (21a) sést að frumlagið sem er samvísandi við frumlagið Gunnar í aðalsetningunni stendur ekki í nafnháttarsetningunni. Í (21b) og (21c) kemur raunar fram að samvísandi frumlag (*hann*, þ.e. Gunnar) getur alls ekki staðið þar. Loks sýnir dæmið í (21d) að ekki er heldur hægt að sleppa bæði frumlagi og samvísandi andlagi í nafnháttarsetningu.

- (21) a. Gunnar lofaði að ___ raka sig ekki.
b. *Gunnar lofaði að hann raka ___ ekki.
c. *Gunnar lofaði að hann raka sig ekki.
d. *Gunnar lofaði að ___ raka ___ ekki.¹⁷

Forníslenska virðist vera í aðalatriðum eins og nútímaíslenska að því er varðar nefnifallssagnir í völdunarnafnhætti (sjá t.d. Faarlund, 2004:275–277, Eirík Rögnvaldsson 2005:612). Hins vegar hafa aðeins örfá ótvíræð dæmi um aukafallssagnir fundist í slíkum nafnháttar-

16 Völdunarnafnhættir eru annars eðlis en önnur algeng tegund nafnháttarsetninga sem stundum er kennd við „andlæga frumlagslyftingu“, t.d. *Gunnar sagði sér það vera nær skapi*. Slíkar setningar eru mikilvægt frumlagspróf í forníslensku eins og í nútímamáli, eins og Eiríkur Rögnvaldsson (2005:612) hefur m.a. rakið.

17 Raunar er setningin í (21d) tæk ef ekki er um að ræða samvísun andlags við frumlag en þá hefur hún aðra merkingu (eitthvað í líkingu við: ‘Gunnar lofaði að munda ekki hrfuna’). Ég þakka ritstjóra fyrir að minna mig á þetta.

setningum í forníslenskum textum. Eftir því sem næst verður komist eru dæmin sex að tölu (Eiríkur Rögnvaldsson, 1996:60, Jóhanna Barðdal og Þórhallur Eyþórsson, 2003:458, Þórhallur Eyþórsson og Jóhanna Barðdal, 2005:835–836), þar á meðal þessi setning úr Laxdæla sögu:

- (22) Höskuldur kvaðst ___ það mikið þykja ...
(*Íslendingasögur*, 1985–86; Laxdæla saga, bls. 1542)

Sögnin *kevðast* stendur með nefnifallsfrumlagi (*Höskuldur*) og stýrir völdunarnafnháttarsetningu með *þykja*, en sú sögn tekur með sér þágufall bæði að fornu og nýju (og a.m.k. í nútímamáli er þágufallið frumlag). Í dæminu í (22) samsvarar eyðan í nafnháttarsetningunni (táknunð með undirstriki) þágufallslíðnum í sambandinu *Höskuldi þykir það mikið*. Lögð skal áhersla á að frumlagseðli nafnliðarins felst í því að það verður að sleppa honum í slíkum setningum – hann getur ekki komið þar fyrir, hvorki í forn máli né í nútímamáli (ótækt er að segja **Höskuldur kvaðst honum það mikið þykja ...*).

Því mætti halda fram á móti að dæmin um eyður fyrir möguleg aukafallsfrumlög í völdunarnafnháttum séu mjög fá og ef þetta væri raunverulegt formgerðareinkenni á forníslensku væri við því að búast að það kæmi fyrir í meiri mæli í textum.¹⁸ Þessi mótrök eru ekki eins sterk og kynni að virðast við fyrstu sýn vegna þess að sagnir sem taka aukafallsfrumlög eru líka frekar sjaldgæfar í völdunarnafnháttum í nútímaíslensku. Slík dæmi eru samt samþykkt af mörgum íslenskum málhöfum þegar þeir eru spurðir, t.d. setningin í (21) þar sem þágufallsfrumlagi er sleppt með *líða*. Flestir aðspurðra fallast á að þessi setning sé tæk þótt öðrum kunni að finnast hún skrítin eða hafni henni alfaríð.¹⁹

- (23) Öll dýr eiga rétt á því að ___ líða vel.

18 Sjá umræðu um fæð dæma í forníslensku til að skera úr um hvort tiltekinn aukafallsnafnliður er frumlag eða ekki hjá Kristoffersen (1991:89), Mørck (1992:95) og Faarlund (2001:127–29). Mótrök gegn þessum vangaveltum er m.a. að finna hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1996:50 o.áft.)

19 Í könnun á dómum íslenskra málhafa um setningar með ósögðum aukafallsfrumlögum var setningin í (23) metin tæk af 72,4% þátttakenda (Höskuldur Þráinsson, Matthew Whelpton og Jóhannes Gísli Jónsson, 2015:347, tafla 16.14). Aftur á móti taldi 12,1% þátttakenda setninguna ótæka en óvissir voru 15,5%.

Það var raunar ekki fyrr en með tilkomu vefleitarvéla á netinu (Google o.þ.h.) að mögulegt varð, án gríðarlegrar fyrirhafnar, að finna slík dæmi í ritmáli nútímaíslensku. Hins vegar merkir sú staðreynd að tiltekin formgerð er fátíð **ekki** að hún sé ótæk eða jafnvel alls ekki til. Ef einhver munur er á nútímaíslensku og forníslensku hvað snertir formgerðir eins og hér eru til umfjöllunar þá virðist sá munur vera á magni en ekki gæðum. Dæmin sex sem nefnd voru í 4.3.2 eru úr elstu og traustustu handritum íslenskra fornþókmennta (sjá nánar hjá Jóhönnu Barðdal og Þórhalli Eypórssyni 2003:459). Þau verða því – bæði út frá textafræðilegum og málfræðilegum sjónarmiðum – að teljast gildur vitnisburður um frumlagseðli meintra aukafallsfrumlaga, að því gefnu að aðeins frumlög en ekki andlög séu þeirrar náttúru að það verði að undanskilja þau í völdunarnafnháttum.

4.4 Vitnisburður um aukafallsfrumlög – gæði eru mikilvægari en magn

Að lokum er rétt að herða á því sem áður var sagt: Frá því um miðjan áttunda áratug 20. aldar hafa málfræðingar gert ráð fyrir aukafallsfrumlögum í nútímaíslensku, þ.e. að í íslensku sé frumlag setningar ekki endilega í nefnifalli þótt vissulega sé það algengasta frumlagsfallið. Það sama er talið eiga við um færeysku. Söguleg þróun aukafallsfrumlaga hefur verið umdeild en nú eru margir málfræðingar – einkum og sér í lagi flestir íslenskir málfræðingar – á því að enginn eðlismunur sé á forn máli og nútímamáli hvað varðar stöðu aukafallsfrumlaga. Hitt er annað mál að dæmin sem notast má við sem óyggjandi frumlagspróf eru mjög fá í forn málinu. Markmiðið með þessari umfjöllun var að færa rök að því að magn skipti minna máli en gæði í þessu sambandi – aðalatriðið sé að dæmin séu af réttum toga. Niðurstaðan er því sú að forníslenska hafi haft aukafallsfrumlög eins og nútímaíslenska og því hafi engin breyting orðið í málinu að þessu leyti. Aukafallsfrumlög eru fornlegt málarseinkenni sem hefur varðveist í íslensku og færeysku.

Í kjölfarið vakna spurningar um það hvernig hátti til í öðrum tungumálum sem hafa ríkulegt fallakerfi, t.d. þýsku eða fornum indóevrópskum málum eins og latínu og grísku. Eru þessi mál með aukafallsfrumlög eins og íslenska að fornu og nýju? Eða eru þau ólík

íslenskunni og aukafallsnafnliðirnir andlög? Undanfarin ár hefur verið unnið ötullega að rannsóknum á þessum spurningum (t.d. Jóhanna Barðdal og Þórhallur Eyþórsson, 2003, 2018, Þórhallur Eyþórsson og Jóhanna Barðdal, 2005, Halldór Ármann Sigurðsson, 2002). Niðurstöður úr þessum rannsóknum benda til þess að aukafallsfrumlög hafi verið sameiginlegt einkenni fornra indóevrópskra mála, t.d. latínu og grísku, en hafi varðveist einstaklega vel í íslensku. Óhætt er að segja að þessar rannsóknir séu á meðal þeirra áhugaverðustu í sögulegum málvísindum á síðari árum en nánari frásagnir af þeim verða að bíða betri tíma.

5. Lokaorð

Í þessari grein var fjallað almennt um heimildir um eldri málstig, fyrst og fremst út frá sjónarmiði sögulegrar setningafræði, og um magn og gæði þeirra fyrirbæra sem notuð eru til að meta hvort þau atriði sem þar koma fyrir eru í samræmi við þekkingu fræðimanna á málfræði tungumáls á tilteknu tímabili.

Fyrst var vikið að þeirri staðreynd að sumar setningagerðir eru mjög algengar í tungumálinu en aðrar sárasjaldgæfar. Jafnvel þótt tiltekna setningagerðir séu mjög sjaldgæfar breytir það því ekki að dómar málhafa eru einnig tiltölulega skýrir. Þeir samþykkja eða hafna setningum á grundvelli formgerðar þeirra, venjulega óháð orðunum sem í þeim eru.

Því næst var hugað að þeim aðferðum sem notaðar eru í setningafræði til að meta og greina setningar. Aðferðafræðin er byggð á rannsóknum á samtímamálum en er yfirfærð á „dauð“ tungumál, sem aðeins eru varðveitt í textum frá eldri málstigum. Munurinn á lifandi málum og dauðum er vitaskuld sá að lifandi mál er móðurmál einhverra málhafa sem geta myndað óendanlegan fjölda setninga í krafti málkunnáttu sinnar. Dautt mál er ekki móðurmál neins þar sem eiginlegir málhafa eru ekki lengur ofar moldu og vitnisburður um málið – þar á meðal setningar – er því endanlegur. Að því gefnu að fjöldi setninga í lifandi tungumáli sé óendanlegur er greiðasta leiðin að upplýsingum um mögulegar setningagerðir í tilteknu máli sú að biðja málhafa ekki bara um dóma um það sem þeir geta sagt heldur

ekki síður um það sem þeir geta ekki sagt – það er neikvæðar upplýsingar. Slíkar upplýsingar eru ekki, eða a.m.k. aðeins að mjög takmörkuðu leyti, aðgengilegar þeim sem rannsaka texta frá eldri málstigum. Til þess að bæta sér upp skort á beinu aðgengi að málhöfum þurfa þessir fræðimenn að huga að ótal málfræðilegum og textafræðilegum atriðum sem kunna að hafa áhrif á eðli þeirra segða sem koma fyrir í textunum. Engu að síður verða sögulegir málfræðingar einatt að setta sig við hlutlausar lýsingar á þeim málum sem þeir fjalla um. Í málinu á frumnorrænum rúnaristum, til að mynda, gat sögn í persónuhætti ýmist staðið í öðru sæti eða aftast í setningu. Þótt líklegt sé að önnur hvor orðaröðin hafi verið sjálfgefin en hin bundin ákveðnum skilyrðum munum við tæplega nokkurn tíma vita það með fullkominni vissu. Þetta er raunar algeng staða í rannsóknum á fornum textum, ekki síst þeim sem litlar heimildir eru um, svokölluðum málárústum.

Í þessu samhengi var varpað fram þeirri lykilsurningunni hve mörg dæmi nægðu til að unnt væri að sýna fram á að tiltekið málfræðiatríði sé hluti af málfræði tiltekings tungumáls á tilteknum stað og tíma í sögunni. Þar var hert á því sem ættu raunar að vera augljós sannindi að aðeins eitt dæmi – jafnvel svokallað stakdæmi – getur nægt til að sýna að það sé í samræmi við málfræði tiltekings tungumáls, vitaskuld að því tilskildu að það sé textafræðilega og málfræðilega ótvírætt. Þar var tekið dæmi af þekktu fyrirbæri í íslenskri setningafræði, svokölluðum aukafallsfrumlögum. Almenn er viðurkennt að aukafallsliðir séu frumlög í nútímaíslensku en það hefur verið umdeilt í forníslensku. Til að sýna fram á frumlagseiginleika aukafallsnafnliða er lykilatriði að unnt sé að beita svokölluðum frumlagsprófum. Þar koma ekki síst til álita próf eins og langdræg afturbeyging og völdunarnafnhættir. Enda þótt sannfærandi dæmi um setningagerðir sem sýna ótvírætt frumlagseðli aukafallsnafnliða séu mjög fá benda þau eindregið til þess að aukafallsnafnliðir hafi verið frumlög í forn máli eins og í nútímamáli.

Í stuttu máli, til að sýna fram á hvort tilteknir nafnliðir í forníslensku séu aukafallsfrumlög eða ekki skiptir fjöldi mögulegra nafnliða í aukafalli með tilteknum sögnum ekki höfuðmáli. Miklu mikilvægara er að unnt sé að beita svokölluðum frumlagsprófum á sannfærandi hátt á þær setningagerðir sem koma til greina. Almenn

niðurstaða af umfjölluninni í þessari grein er að við mat á gildi dæma í fornum textum séu gæði þýðingarmeiri en magn og fáein dæmi – jafnvel bara eitt einasta dæmi – geti ráðið úrslitum um greiningu á tilteknu fyrirbæri að því gefnu að ákveðin málfræðileg og textafræðileg skilyrði séu uppfyllt.

ÚTDRÁTTUR

Býsn og fádæmi í tungumálinu: Um magn og gæði heimilda í sögulegri setningafræði

Í þessari grein er fjallað um fyrirbæri sem eru sjaldgæf í tungumálum. Rætt er almennt um málheimildir, einkum í sögulegum málvísindum, og um magn og gæði þeirra fyrirbæra sem notuð eru til að meta hvort þau atriði sem þar koma fyrir eru í samræmi við þekkingu fræðimanna á málfræði tungumáls á tilteknu tímabili. Aðaláherslan er á sögulega setningafræði og breytingar á setningagerð og hugað er að þeim málvísindalegu aðferðum sem notaðar eru til að meta og greina setningar. Í því samhengi er spurt hve mörg dæmi séu nauðsynleg til þess að þau teljist marktækur vitnisburður um málfræði tiltekins tungumáls eða málstigs. Því er haldið fram að það fari eftir eðli einstakra fyrirbæra. Í mörgum tilvikum þarf býsna mikinn fjölda dæma til að meta marktæknina og þá er mikilvægt að gögnin séu sem ítarlegust. Í öðrum tilvikum nægja fáein dæmi – jafnvel bara eitt dæmi – til þess að unnt sé að sýna fram á að fyrirbærið sé málfræðilega gjaldgengt en ekki bara undantekning eða jafnvel málvilla sem ekkert er að marka.

Lykilorð: gæði málheimilda, söguleg málvísindi, setningafræði, frumlagspróf, aukafallsfrumlög

ABSTRACT

Superabundance and paucity in language

On the quantity and quality of evidence in historical syntax

This article discusses phenomena that are rare in languages. There is a general discussion of language corpora, especially in historical linguistics, focusing on the quantity and quality of the phenomena used to assess whether their occurrences are consistent with scholars' knowledge of the grammar of the language in question in a given period. The main emphasis is on historical syntax and changes in sentence structure, with due consideration given to the linguistic methods used to evaluate and analyze sentences. In this context, the question is posed how many examples are needed to be considered significant evidence on the grammar of a particular language or a language stage. It is claimed that this depends on the nature of the individual phenomena. In many cases, a large number of examples are needed to assess the significance of the data, in which case it is important that the data are as abundant as possible. In other cases, only a few examples – even just one example – are sufficient to show that the phenomenon is grammatically valid and not just an exception or even a mere language error.

Keywords: quality of language corpora, historical linguistics, syntax, subject tests, oblique subjects

HEIMILDIR

- Andrews, Avery. 1976. „The VP Complement Analysis in Modern Icelandic.“ *Proceedings of NELS* 6:1–21.
- Askedal, John Ole. 2001. „‘Oblique subjects’, structural and lexical case marking.“ *Grammatical Relations in Change*. Jan Terje Faarlund (ritstj.). Amsterdam: John Benjamins, 65–97.
- Ásgrímur Angantýsson. 2011. *The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Languages*. Doktorsritgerð. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Barnes, Michael. 1986. „Subject, Nominative and Oblique Case in Faroese.“ *Scripta Islandica* 37:13–46.
- Beck, Heinrich (ritstj.). 1989. *Germanische Rest- und Trümmersprachen*. Berlin/New York: Walter de Gruyter.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2015. „Reexamining Icelandic as a Heritage Language in North America.“ *Germanic Heritage Languages in North America: Acquisition, Attrition and Change*. Janne Bondi Johannessen (Ý) og Joseph C. Salmons (ritstj.). Amsterdam: Benjamins, 72–93.
- Björn Guðfinnsson. 1943. *Íslensk setningafræði*. 2. útg. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Chomsky, Noam. 1973. *Mál og mannsbúgur*. Halldór Halldórson þýddi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Chomsky, Noam. 1981. *Lectures on Government and Binding. The Pisa Lectures*. Dordrecht: Foris.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1991. „Quirky Subjects in Old Icelandic.“ *Papers from the Twelfth Scandinavian Conference of Linguistics*. Halldór Ármann Sigurðsson (ritstj.), 369–378. Reykjavík: Institute of Linguistics, University of Iceland.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1996. „Frumlag og fall að fornu.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 18:37–69.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2005. „Setningafræðilegar breytingar í íslensku.“ *Setningar: Handbók um setningafræði*. Höskuldur Þráinsson (ritstj. og aðalhöfundur). Íslensk tunga III. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 602–535.
- Faarlund, Jan Terje. 1980. „Subject and Nominative in Old Norse.“ *Scripta Islandica* 31:65–73.
- Faarlund, Jan Terje. 1990. *Syntactic Change. Toward a Theory of Historical Syntax*. Mouton, Berlín.
- Faarlund, Jan Terje. 2001. „The notion of oblique subject and its status in the history of Icelandic.“ *Grammatical Relations in Change*. Jan Terje Faarlund (ritstj.). Amsterdam: John Benjamins, 99–135.
- Faarlund, Jan Terje. 2004. *The Syntax of Old Norse*. Oxford: Oxford University Press.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1994. *Um frásagnarumröðun og grundvallarorðaröð í forníslensku*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2002. „To be an oblique subject: Russian vs. Icelandic.“ *Natural Language and Linguistic Theory* 20:691–724.

- Hlíf Árnadóttir og Einar Freyr Sigurðsson. 2012. „Case in disguise.“ Beatriz Fernández og Ricardo Etxepare (ritstj.): *Variation in Datives. A Microcomparative Perspective*. Oxford: Oxford University Press, 96–143.
- Höskuldur Þráinsson. 1999. *Íslensk setningafræði*. 6. útg. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Reykjavík: Námsgagnastofnun. (2. útg. 2006.)
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar: Handbók um setningafræði*. Höskuldur Þráinsson (ritstj. og aðalhöfundur). Íslensk tunga III. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris S. Hansen. 2012. *Faroese: An Overview and Reference Grammar*. 2. útg. Tórshavn: Fróðskapur/Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þráinsson, Matthew Whelpton og Jóhannes Gísli Jónsson. 2015. Ýmislegt. *Tilbrigði í íslenskeri setningagerð II*. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 331–364.
- Íslendinga sögur*. 1985–86. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstj.). Reykjavík: Svart á hvítu.
- Íslensk orðabók*. 2007. Mörður Árnason (ritstj.). Reykjavík: Edda.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar. [Endurprentuð 1987 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.]
- Jóhanna Barðdal og Þórhallur Eypórsson. 2003. „The change that never happened: the story of oblique subjects.“ *Journal of Linguistics* 39(3):439–72.
- Jóhanna Barðdal og Þórhallur Eypórsson. 2018. „What is a subject? The nature and validity of subject tests.“ *Non-Canonically Case-Marked Subjects within and across Languages and Language Families: The Reykjavík-Eyjafjallajökull Papers*. Jóhanna Barðdal, Na’ama Pat-El og Stephen Mark Carey (ritstj.). Amsterdam: John Benjamins, 257–273.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2018. „Word order as a subject test in Old Icelandic.“ *Non-Canonically Case-Marked Subjects within and across Languages and Language Families: The Reykjavík-Eyjafjallajökull Papers*. Jóhanna Barðdal, Na’ama Pat-El og Stephen Mark Carey (ritstj.). Amsterdam: Benjamins, 135–154.
- Krause, Wolfgang og Herbert Jankuhn. 1966. *Die Runeninschriften im älteren Futhark I–II*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht.
- Kristoffersen, Kristian Emil. 1991. *Kasus, Semantiske roller og Grammatiske funksjoner i norrønt*. Institutt for nordistikk og litteraturvitenskap, Universitetet i Oslo.
- Kristoffersen, Kristian Emil. 1994. „Passiv i norrønt og nyislandsk – ei samanlikning.“ *Norsk Lingvistisk Tidsskrift* 12:43–67
- Lightfoot, David. 1988. „Syntactic Change.“ *Linguistics: The Cambridge Survey*, 1.

- bindi. Frederick Newmeyer (ritstj.). New York: Cambridge University Press, 303–323.
- Mørck, Endre. 1992. „Subjektets kasus i norrønt og mellomnorsk.“ *Arkiv för nordisk filologi* 107:53–99.
- Penzl, Herbert. 1989. „Die Gallehusinschrift: Trümmer der nordisch-westgermanischen Ursprache.“ *Hjá Beck*, 1989, 87–96.
- Untermann, Jürgen. 1975. „Etymologie und Wortgeschichte.“ *Linguistic Workshop III: Arbeiten des Kölner Universalienprojekts 1974*, Hansjakob Seiler (ritstj.). München: Fink, 93–116.
- Untermann, Jürgen. 1989. „Zu den Begriffen Restsprache und Trümmersprache.“ *Hjá Beck*, 1989, 15–20.
- Zaenen, Annie, Joan Maling og Höskuldur Þráinsson. 1985. „Case and Grammatical Relations: The Icelandic Passive.“ *Natural Language and Linguistic Theory* 3:441–483.
- Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfraði*. Reykjavík: Mál og menning.
- Þórhallur Eyþórsson. 1999. „Uppruni sagnfærslu í germönskum málum.“ *Íslenskt mál og almenn málfraði* 19–20:133–180.
- Þórhallur Eyþórsson. 2005. „Looking at the overlooked.“ *Convergence: Interdisciplinary communications 2004/2005*, Willy Østreng (ritstj.). Oslo: Centre for Advanced Study at the Norwegian Academy of Science and Letters, 54–57.
- Þórhallur Eyþórsson. 2012. „Variation in the syntax of the older runic inscriptions.“ *Futhark: International Journal of Runic Studies* 2:27–49.
- Þórhallur Eyþórsson. 2015. „The Insular Nordic experimental kitchen: Changes in case marking in Icelandic and Faroese.“ *An Intimacy of Words / Innileiki orðanna. Essays in Honour of Pétur Knútsson / Festschrift til heiðurs Péttri Knúttssyni*. Matthew Whelpton, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir og Martin Regal (ritstj.). Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum / Háskólaútgáfan, 328–352.
- Þórhallur Eyþórsson. 2017. „Frumlagsfall er fararheill. Um breytingar á frumlagsfalli í íslensku og færeysku.“ *Tilbrigði í íslenskri setningagerð III*, Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 285–302.
- Þórhallur Eyþórsson og Höskuldur Þráinsson. 2017. „Variation in oblique subject constructions in Insular Scandinavian.“ *Syntactic Variation in Insular Scandinavian*, Höskuldur Þráinsson, Caroline Heycock, Hjalmar P. Petersen og Zakaris S. Hansen (ritstj.). Amsterdam: John Benjamins, 53–90.
- Þórhallur Eyþórsson og Jóhanna Barðdal. 2005. „Oblique subjects: a common Germanic inheritance.“ *Language* 81.4:824–881.